


## Umsögn Drangeyjar- smábátafélags Skagafjarðar um svæðaskiptingu strandveiða

Í umsögn Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar um þetta mál sem flutt er nú sem frumvarp til laga er þessari aðgerð mótmælt eins og hjá miklum meirihluta í þeim 131 umsögnum sem komu við þessa fyrirætlan ráðherra sjávarútvegsmála í samráðsgátt stjórnvalda fyrir skömmu. Ástæðulaust er að endurtaka þau skrif en lýsa verður furðu á hvernig svokallað samráð er viðhaft í reynd. Þá veldur það enn frekari undrun að í frumvarpinu skuli ekkert gert með ályktanir landsfundar Vinstri grænna sem haldinn var nýlega en þar segir: *“Landsfundurinn leggur áherslu á að áflaheimildir í 5,3% hluta fiskveiðisjómunarkefisins verði auknar í áflöngum í 8-10%. Landsfundurinn vill einnig tryggja þann sveigjanleika innan kefisins að ráðherra sé heimilt að flytja áflaheimildir til þess áð tryggja ávallt 48 daga til strandveiða ár hvert. Mikil óvissa ríkir ár hvert meðal sjómanna um áflaheimildir, sú óvissa kemur í veg fyrir það að smábátasjómenn geti treyst á keifið og sinnt strandveiðum sem öruggri atvinnugrein.*”

Drangey-smábátafélag Skagafjarðar telur nauðsynlegt að endurskoða samspil kvótakerfisins og strandveiða enda eiga þessar veiðar fátt kerfislega sameiginlegt. Sú hugsun að auka svokallaðan 5,3% pott á kostnað þeirra sem starfa innan kvótakerfisins er ávísun á enn frekari togstreitu og átök innan greinarinnar og þannig fjarlægast markmiðið um frekari sátt innan fiskveiðisjómunarkefisins.

Útilokað er að ræða þessi mál án þess að skoða árangur nærri fjögurra áratuga tilraunar til að byggja upp helstu fiskistofna víð Ísland. Á myndinni hér að neðan blasir hann við:



Skemmst er frá því að segja, að árangurinn af uppbyggingunni og ráðgjöfinni mældur með þessum mælikvarða er minni en enginn eins og sést vel á þessari mynd! Þótt hér sé aðeins sýnt ráðgefið veiðimagn í sjö fiskistofnum má einnig minna á að jafnvel enn lakari árangur er af ráðgjöfinni í ýmsum öðrum tegundum eins og humri, lúðu, rækju og fleiri stofnum. Þá má rifja upp, að í upphafi var því haldið fram af vísindamönnum Hafró, að ef farið yrði að ráðum þeirra mætti m.a. reikna með að innan tiltölulega skamms tíma (<10 ár) gæti jafnstöðuafli í þorski orðið allt að 500.000 tonn á ári. Í dag erum við að berjast við innan við helming þess og það þrátt fyrir að hrygningarstofninn hafi fyrir fáum árum náð að mælast meira en 600.000 tonn. Enginn góður nýliðunarárgangur hefur sést í þorski í tæp 40 ár og engar tillögur til skýringa á því er að finna hjá þeim sem segjast best til þekkinga, þ.e. Hafró.

Annað vekur líka athygli þegar þessi mynd er skoðuð. Fyrir 38 árum var ráðgefandi afli gefinn upp í þúsundum eða tugþúsundum tonna. Í dag er ráðgjöfin gefin upp í tonnum og er þannig stöðugt verið að gefa til kynna að þekkingin sé svo mikil að hægt sé að segja til upp á tonn hver afli megi verða úr hverjum og einum stofni. Að mati undirritaðs er það í besta falli villandi og versta falli vísvitandi blekkjandi nákvæmi sem hefur enga þekkingarlega stoð. Kannski er tilgangurinn sá einn að geta sett af stað deilur milli sjómanna um að „taka frá“ og æsa menn þannig gegn strandveiðum.

### **Tillaga Drangeyjar**

Skoða verður nýja nálgun á fyrirkomulagi ráðgjafar og fiskveiða. Í allri vísindastarfsemi er nauðsynlegt að gera tilraunir og endurmeta aðferðir og hugsun sem ekki skilar árangri. Drangey leggur því til að gerð verði 3-5 ára tilraun með að taka heildarafla strandveiða út úr aflamarkskerfinu og að heimilt verði að sækja allt að 12 veiðiferðir í því á mánuði í fjóra mánuði á ári á sömu forsendum og gert var þegar kerfinu var breytt árið 2018. Ákvæði um stöðvun veiða þegar einhverjum tilteknum heildarafla er náð verði fellt út úr lögunum. Undirritaður er sannfærður um að fátt yrði vænlegra til að skapa aukna sátt innan greinarinnar en slíkt fyrirkomulag auk þess sem það gæti orðið til bæta rannsóknir og ráðgjöf við nýtingu á þorskstofninum hér við land en sú tegund er uppistaða í afla á strandveiðum.

F.h. Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar

Magnús Jónsson formaður